



Gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg í Flóahreppi

Frá 1. janúar 2026

Vistunargjöld eru eftirfarandi:	
Kjarnatími frá 8:00-14:00	200 kr/pr. klst
Gjald frá 14:00-15:00	388 kr/pr. klst
Gjald frá 15:00-16:00	443 kr/pr. klst
Gjald frá 7:45-8:00	124 kr/pr. korter
Gjald frá 16:00-16:15	124 kr/pr.korter
Gjald fyrir vistun umfram umsaminn vistunartíma	2495 kr fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur

**20% álag er lagt ofaná öll vistunargjöld nemenda þar til 2 ára aldri hefur verið náð.*

Fæðisgjald fyrir hvert barn er eftirfarandi:	
Morgunhressing	108 kr/dag
Hádegisverður	337 kr/dag
Nónhressing	108 kr/dag

Heimilt er að fella fæðisgjald niður vegna langvarandi fjarveru nemanda og er þá miðað við 10 virka daga.

Afsláttur vegna forgangshópa er eftirfarandi:	
Forgangshópar	30% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi

Forgangsgjald er greiðsla fyrir öryrkja, börn einstæðra foreldra og börn námsmanna, séu báðir eða annað foreldri í fullu námi. Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er að fólk framvísi vottorði frá Tryggingastofnun, sýslumanni eða innritunarovottorði/námsovttorði frá skóla í upphafi hverrar annar. Hefji einstætt foreldri sambúð, skal það greiða hærra gjald strax og sambúð hefst. Slíti foreldrar sambúð, skal leggja fram vottorð frá sýslumanni og kemur þá til lækkunar á gjaldi.

Afsláttur vegna systkina eru eftirfarandi:	
Systkinaafsláttur með öðru barni	30% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi
Systkinaafsláttur með þriðja barni	100% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi

Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri gjaldskyldra systkina. Ekki er veittur systkinaafsláttur af fæðisgjaldi.

Ekki er hægt að fá bæði forgangsafslátt og systkinaafslátt. Hærri afsláttur gildir. Afsláttur er ekki veittur afturvirk.

Forráðamenn greiða vistunargjald frá þeim tíma sem nemandi er skráður í leikskólann. Þó nemandi nýti ekki skráðan leikskólatíma vegna orlofs, veikinda eða annarra aðstæðna greiðist fullt vistunargjald samt sem áður. Undanþágu vegna sérstakra aðstæðna má sækja um til leikskólastjóra, sem metur hverja umsókn fyrir sig.

Ef forráðamenn skulda leikskólagjöld fyrir þrjá mánuði eða meira, er heimilt að segja leikskóladvöl nemanda upp og setja skuldina í innheimtu.

Þingborg 02.12.2025

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri